


Lýsing á ytri ramma – sérstaða skólans

Í Tjarnarskóla eru þrjár bekkjardeildir; 7./8., 9. og 10. bekkur, eins og komið hefur fram. Skólaár Tjarnarskóla skiptist í þrjár annir. Hverri önn lýkur með námsmati.

Í lok hvernar annar fer fram námsmat sem felur í sér prófseinkunn, vetrareinkunn, umsagnir kennara og mat á ýmsum öðrum þáttum skólastarfsins s.s. félagsþáttum, framkomu, stundvísi og ástundun. Nemendur vinna auk þess sjálfsmat og setja sér markmið í samvinnu við foreldra og fá hliðstætt mat frá kennurum. Í lok 1. og 2. annar hitta umsjónarkennarar hvern umsjónarnemanda sinn ásamt foreldri/forráðamanni þar sem farið er yfir einkunnir, sjálfsmat og umsagnir.

Vikulegur stundafjöldi

Vikulegur kennslutími nemenda í skólanum skal vera að lágmarki 1480 mínútur á viku. Nemendur fá afhentar stundatöflur í upphafi kennsluársins og allir foreldrar/forráðamenn fá send eintök í tölvupósti við upphaf skólastarfs en nemendur og foreldrar hafa jafnframt aðgang að stundaskrá á vefnum Námfúsi (www.namfus.is). Stundaskrá hvers nemanda tekur breytingum í upphafi hvernar annar í samræmi við þær valgreinar sem hann velur sér. Stundaskráin er samfelld hjá öllum nemendum skólans. Hver kennslustund er að öllu jöfnu 40 mínútur. Á milli kennslustunda er 5 mínútna hlé, en á miðjum morgni er 20 mínútna hlé og síðan 40 mínútur í hádeginu.



Starfsandi

Starfsandinn í skólanum er góður, um það vitna viðhorfskannanir. Heildarmat Skóla- og frístundasviðs á skólastarfinu sem fór fram haustið 2012 dregur þetta einnig fram. Skólinn hefur skýra stefnu og kennarar eru meðvitaðir um hana og leggja sig fram um að vera samstíga. Skólastjóri hefur forystu um skólastarfið en leggur áherslu á að allir geti komið sínu á framfæri og haft áhrif. Lögð er áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð, jákvæðni og faglegt samstarf. Unnið er að fjölbreyttum þróunarverkefnum og kennarar stunda símenntun. Starfsviðtöl eru einu sinni á vetri og eftirfylgni þeirra undir vorið.

Starfsáætlun er unnin í samræmi við lög og reglugerðir og birt á heimasíðu skólans. Sjálfsmatsvinna fer fram á hverjum skólavetri þar sem rýnt er í afmarkaða þætti skólastarfsins. Sjálfsmatsskýrslur undanfarinna ára má nálgast á heimasíðu skólans.

Samþætting námsgreina felst aðallega í metnaðarfullum þemadögum sem eru á skóladagatali tvisvar á ári, valgreinum og ratleikjum auk þess að kennarar skipuleggja ýmis verkefni þar sem hugað er að samþættingu greina og árganga.

Niðurstöður viðhorfskannana undanfarin ár hafa verið jákvæðar fyrir skólann. Um 97% foreldranna sögðust vera ánægð með skólann almennt, í síðustu könnun, en hlutfallið hefur verið á bilinu 90-100% síðustu ár. Ánægja foreldra í öðrum grunnskólum í Reykjavík var að meðaltali 84% árið 2012.

Umhyggja og virðing fyrir nemendum er sú umgjörð sem starfað er innan og einkennir skólastarfið.



